

Alþingi
Erindi nr. P 138/233
komudagur 23.11.2009



2009110034
9006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2009

/--

Efni: Tillaga til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu

Í tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu felst að unnin verði landnýtingaráætlun undir forystu iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra í samráði við tiltekin samtök og stofnanir og með aðstoð sérfræðinga.

Í greinargerð með þingsályktuninni eru færð góð rök fyrir nauðsyn þess að marka stefnu og gera áætlun um það hvernig miðhálandið "nýtist sem best til sem fjölbreytilegastrar útivistar og ferðamennsku án þess að gengið sé á auðlindina sem verið er að selja". Í greinargerðinni kemur fram að svæðisskipulag miðhálandisins hafi ekki nýst sem skyldi því margir hafi komist upp með að byggja skála og aðra aðstöðu utan við allar reglur og skipulag og því hafi uppbygging aðstöðu á hálandinu í mörgum tilfellum verið handahófskennd.

Skipulagsstofnun vill í þessu sambandi koma á framfæri nokkrum ábendingum:

Landnýting

Samkvæmt gr. 1.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er landnýting samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítölu. Landnotkun samkvæmt sömu reglugerð er skilgreind sem ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga eru landnotkunaráætlanir þannig að sú spurning vaknar hvort landnýtingaráætlun sé rétt heiti á þeirri áætlun sem tillagan til þingsályktunar fjallar um. Ef hugsunin er að gera áætlun um það hvernig megi nýta miðhálandið til verðmætasköpunar væri um að ræða áætlun um nýtingu miðhálandisins fyrir ferðamennsku. Sveitarfélögin myndi hafa slíka áætlun til viðmiðunar þegar unnið er að aðal- og deiliskipulagsgerð á svæðinu. Ferðamennskuáætlunin breytir hins vegar engu um hvort eftirlit með því að uppbygging aðstöðu á hálandinu sé í samræmi við reglur og skipulag. Það eftirlit hafa sveitarfélögin og Skipulagsstofnun dregur reyndar í efa að uppbyggingin hafi verið handahófskennd síðastliðin 10 ár þótt eflaust megi alltaf úr bæta en það er annað mál..

Miðhálandi Íslands, Svæðisskipulag 2015

Svæðisskipulag fyrir miðhálandið var staðfest 10. maí 1999 samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og hafði þá verið í vinnslu frá árinu 1994. Við upphaf vinnunnar voru í gildi í landinu sveitarstjórnarlög þar sem fram kom að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög. Af orðanna hljóðan mátti ráða að miðhálandið skiptist ekki í sveitarfélög. Þessi óvissa hafði í för með sér að fjöldi skála var reistur á miðhálandinu og önnur mannvirki án þess að leitað væri eftir byggingarleyfi sveitarstjórnar. Úr þessu var bætt með nýjum sveitarstjórnarlögum árið 1998 þar sem skýrt kom fram að landið skiptist í staðbundin sveitarfélög. Í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 er ákvæði um að gera skuli aðalskipulag fyrir allt land innan marka sveitarfélaga og í bráðabirgðaákvæði segir að öll sveitarfélög skuli hafa gert aðalskipulag að liðnum 10 árum frá gildistöku laganna 1. janúar 1998. Nú er svo komið að langflest sveitarfélög í landinu hafa gert aðalskipulag þannig að fyrir nánast allt miðhálandið er í gildi staðfest landnotkunaráætlun sem sveitarfélögin hafa markað stefnu um og munu framfylgja með leyfisveitingum og eftirliti. Hafi þeirri stefnu sem mörkuð er í svæðisskipulagi miðhálandisins ekki verið framfylgt þarf að efla eftirlit sveitarstjórna með framfylgd skipulagsáætlana.

Landsskipulagsáætlun

Í frumvarpi til nýrra skipulagslaga sem lagt var fram á 135. löggjafarþingi 2007-2008 eru ákvæði um landsskipulagsáætlun. Í 5. t.l. bráðabirgðaákvæða frumvarpsins segir eftirfarandi:

"Umhverfissráðherra skal eigi síðar en árið 2010 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun sbr. 10. gr. sem fjalla skal m.a. um miðhálandi Íslands. Þegar landsskipulagsáætlun hefur verið samþykkt skal umhverfissráðherra fella niður svæðisskipulag miðhálandis Íslands."

Þingsályktun um landsskipulagsáætlun hefur skv. frumvarpinu ólíkt þingsályktun um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku tengingu við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og er því mun markvissari leið til að marka stefnu um úrbætur á miðhálandinu með tilliti til ferðamennsku.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun leggur til að tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu verði breytt þannig að hún verði áætlun um uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn á miðhálandinu svo skýrt sé að ekki er um skipulagsáætlun að ræða. Áætlunin væri þá framkvæmdaáætlun skv. skilgreiningu laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.



Stefán Thors